

## Minnisblað

**Viðtakandi:** Menningar- og lýðræðisnefnd

**Efni:** Áætlaður kostnaður við fjárfestingar og rekstur Hlégarðs á árinu 2023

**Dags:** 3. mars 2023

**Málsnúmer:** 202301450/2.20

**Sendandi:** Auður Halldórsdóttir, forstöðumaður bókasafns og menningarmála

### Forsaga:

Á fundi menningar- og lýðræðisnefndar þann 26. janúar síðastliðinn samþykkti nefndin svohljóðandi bókun:

**„Nefndin felur forstöðumanni menningarmála að vinna tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 sem gerir ráð fyrir því að Mosfellsbær taki yfir rekstur Hlégarðs. Í áætluninni komi fram notkun stofnana Mosfellsbæjar á húsinu auk þeirrar félagsstarfsemi sem hefur nýtt húsið í viðburða- og fundahald. Gera þarf ráð fyrir kostnaði vegna starfsmannahalds, fjárfestingu í lágmarksbúnaði ásamt öðrum rekstrarkostnaði og athuga tekjumöguleika hússins. Mikilvægt er að samráð verði haft við Eignarsjóð sem fer með viðhald hússins og að tekið verið tillit til viðhaldsáætlunar ársins.“**

### Greinargerð:

#### Fjárfesting í búnaði

Á fundi bæjaráðs 26. janúar sl. var samþykkt að verja allt að 6 m.kr. til kaupa á búnaði vegna starfsemi Hlégarðs og utanumhalds vegna undirbúnings og framkvæmd viðburða í Hlégarði. Nú þegar hefur verið fjárfest í borðum, stólum, tækjabúnaði í eldhús, borðbúnaði og grunn hljóðkerfi. Húsið verður því að óbreyttu tækt til að halda allt að 200 manna viðburði í lok mars en allur ofangreindur búnaður hefur verið afhentur utan borða sem verða afhent eftir miðjan mars.

#### Notkun stofnana Mosfellsbæjar á húsinu og félagasamtaka

Á árinu 2022 nýtti Listaskóli Mosfellsbæjar Hlégarð fyrir nemendatónleika og félagsmiðstöðin Bólið hélt a.m.k. tvö böll. Þá hafði Varmárskóli Hlégarð til afnota í ágúst og september í samvinnu við þáverandi rekstraraðila. Eftir endurbætur á Hlégarði sem lauk í apríl 2022 hefur áhugi stofnana bæjarins á að nýta Hlégarðs aukist sem kanna þarf nánar á næstu vikum. FAMOS, Félag eldri borgara í Mosfellsbæ hittist einu sinni í mánuði í Hlégarði og félagasamtök svo sem Lions og Afturelding nýta aðstöðu í húsinu með reglubundnum hætti. Mosfellsbær innheimtir ekki leigu af stofnunum og félagasamtökum en sjá þarf til þess að húsið sé í góðu lagi þegar aðilar koma þar inn og tryggja þrif að loknum viðburðum. Þegar könnun á óskum stofnana um nýtingu Hlégarðs liggur fyrir er lagt til að áætlaðir verði fjármunir fyrir nýtingu Hlégarðs í fjárhagsáætlun ársins 2024.

#### Kostnaður vegna starfsmannahalds

Launakostnaður við 0,7 stöðugildi viðburðastjóra og kostnaður við ræstingu húsnæðisins gæti verið á bilinu 12-18 m.kr. með launatengdum gjöldum. Launakostnaður við starf viðburðarstjóra yrði á bilinu 8-10 m.kr. miðað við 70% starf.

Gera þarf ráð fyrir því að viðburðastjóri sinni fyrst og fremst menningarviðburðum á vegum Mosfellsbæjar en verði ekki hluti af starfsemi hússins á almennum markaði sem er leiga húsnæðisins til einkasamkvæma.

Launakostnaður starfsmanna í staka viðburði tæki mið af fjölda og umfangi viðburða, en gæti verið á bilinu 4 – 8 m.kr. en gera þarf ráð fyrir því að gjaldskrá hússins standi alfarið undir þeim kostnaði.

Kostnaður við ræstingu má áætla um 4 m.kr., en fer einnig eftir fjölda og umfangi viðburða en má eingöngu fjármagna á grunni gjaldskrár hússins og eingöngu standa undir kostnaði við ræstingu.

### **Áformaðar eignfærðar fjárfestingar vegna Hlégarðs - Eignarsjóður**

Samkvæmt fjárhagsáætlun ársins 2023 er gert ráð fyrir því að verja 30 m.kr. til endurnýjunar á þaki Hlégarðs.

Utan fjárhagsáætlunar eru nokkur verkefni eins og fjölgun rafmagnstengla og hurð á geymslu í enda aðalsalar sem æskilegt er að fara í sem fyrst í samvinnu við eignasjóð.

### **Annar rekstrarkostnaður**

Innri leiga nemur í ár 12,8 m.kr. og hefur ávallt verið borin af Mosfellsbæ. Rafmagns- og hitunarkostnaður er 1,5 m.kr. og kostnaður við öryggisgæsla nemur um 200 þ. kr. Kostnaður við fjarskipti (internet) nemur um 200 þ. kr. og sorphirða á ársgrundvelli er um 400 þ. kr. Þá er rétt að gera ráð fyrir almennum rekstrarkostnaði eins og pappír og sápur vegna salerna og tilfallandi búnaðarkaupa fyrir allt að 300 þ. kr. á ári.

### **Tekjumöguleikar hússins**

Hlégarður hefur afmarkaða tekjumöguleika enda má útleiga húsnæðisins ekki verða til þess að raska samkeppnisstöðu á markaði.

Leiðbeiningar lögfræði- og velferðarsviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi gjalddöku fyrir ólögfest verkefni taka leigu á félagsheimilum sérstaklega sem dæmi. Þar er skýrt tekið fram að gjaldtaka þurfi að miðast við raunkostnað í þeim tilvikum þegar starfsemi sveitarfélaga er í samkeppni við einkaaðila og skal sá rekstur vera aðskilinn frá annarri starfsemi sveitarfélagsins.

Gjaldtaka vegna útleigu hússins þarf því að standa undir þrifum, starfsmanni við viðburðinn og hluta þess almenna rekstrarkostnaðar sem fylgir húsnæðinu (sjá annar rekstrarkostnaður) og ekki skapa tekjur nema til að standa undir endurnýjun búnaðar og vera stillt í hóf.

*Virðingarfyllt,  
Auður Halldórsdóttir*